# *Nr. 17-104 S 079 Fanney ÞH 130 / Sigrún Hrönn ÞH 36*

## *Ásigling í höfn*

***Fanney***
*Skipaskr.nr.* 1445
*Útgerð:* Sölkusiglingar ehf.
*Smíðaður:* Akureyri, 1975, Eik
*Stærð:* 23,42 brl. 22,36 bt.
*Mesta lengd:* 15,45 m *Skráð lengd:* 14,40 m
*Breidd:* 3,96 m *Dýpt:* 2,03 m
*Vél:* Cummins, 173 kw, 1986.
*Fjöldi skipverja:* 1
*Fjöldi farþega:* 12



Fanney©Sigurjón Þórðarson

***Sigrún Hrönn***
*Skipaskr.nr.* 2370
*Útgerð:* Barmur ehf.
*Smíðaður:* Bátasmiðja Guðmundar ehf. 1999, plast
*Stærð:* 7,24 bt.
*Mesta lengd:* 9,55 m *Skráð lengd:* 9,53 m
*Breidd:* 2,57 m *Dýpt:* 1,19 m
*Vél:* Volvo Penta, 196,74 kw, 2004.
*Fjöldi skipverja:* 1



Sigrún Hrönn©Magnús Jónsson

***Gögn:***
*Lögregluskýrsla*
*Gögn RNSA*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

## *Atvikalýsing:*

Þann 25. júní 2017 var farþegabáturinn Fanney ÞH 130 að koma að bryggju á Húsavík. Veður: SA 2 m/sek.

Þegar skipstjórinn var að leggja bátnum að syðstu flotbryggjunni missti hann stjórn á honum og lenti með skutinn á bakborðssíðu Sigrúnu Hrannar sem var bundin við bryggjuna. Skemmdir urðu á Sigrúnu Hrönn.

## *Við rannsókn kom fram:*

- að skipstjórinn á Fanney ÞH þurfti að gera þrjár tilraunir til að leggja bátnum að bryggju um kl. 23:30 og taldi það hafa gengið erfiðlega vegna straums í höfninni. Háflóð var um kl. 00:40 og flóðhæð 1,5 m;
- að samkvæmt upplýsingum frá hafnaryfirvöldum myndast ekki straum- eða sogaðstæður í höfninni í því veðri sem var þegar atvikið átti sér stað;

- að við áreksturinn hafði báturinn snúist um 180° þegar honum var bakkað frá bryggjunni við síðustu tilraunina;
- að sprungur komu í trefjaplastið á Sigrúnu Hrönn niður við sjólínu.

***Nefndarálit:***

Orsök atviksins eru handvömm við stjórntök Fanneyjar.